

## D ó m s o r ð:

Stefndi, Dælubílar s/f, greiði stefnanda, Agli Stefánssyni, kr. 461.500.00 með 31% ársvöxtum frá 20. nóvember 1979 til 31. maí 1980, en með 35% ársvöxtum frá 1. júní s. á. til 2. júní 1981, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 2. mars 1982, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 51.100.00 í málskostnað. Þar af renni kr. 50.000.00 til skipaðs talsmanns stefnanda, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmans.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 17. október 1983.

Nr. 7/1982. **Þorgeir Gunnlaugsson og Hagtrygging h/f**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

**Jóni Kristni Höskuldssyni**

(Jóhann Þórðarson hdl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1982. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður verði látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á þeim tíma, er atvik máls þessa gerðust, höfðu ekki verið lagðar gangstéttir við Kjarrhólma. Vettvangsuppdráttur sá, sem lagður er fram í málinu, sýnir breidd götunnar frá húsaröð sunnan götu að

bifreiðastæðinu norðan götunnar um það bil 13 — 14 m og þann hluta götunnar, sem uppdrátturinn nær yfir, hindranalaus. Á það var þó bent í málflutningi fyrir Hæstarétti, að bifreiðum hafi verið lagt við húsaröðina að sunnan, þ. e. á hægri vegarhelmingi miðað við aksturstefnu ökumanns Y 4020. Er viðurkennt, að þær bifreiðar hafi snúið enda út í götuna. Kemur það og fram í skýrslu lögreglu-  
manns þess, er uppdráttinn gerði, að hann hafi í fyrstu lagt lög-  
reglubifreiðinni milli tveggja bifreiða, er stóðu upp við húsið nálægt árekstursstað, en síðar þurft að færa lögreglubifreiðina úr stað, til að umferð gæti gengið eðlilega fyrir sig. Hvorki umræddar bifreiðar né aðrar bifreiðar, sem kunna að hafa staðið sunnan götunnar, eru sýndar á vettvangsuppdrættinum. Ekki eru þar heldur markaðir snjóruðningar, sem lögreglumaðurinn hefur greint frá, að verið hafi „utan með á bifreiðastæðunum.“

Af framansögðu er ljóst, að hinn framlagði vettvangsuppdráttur er villandi í veigamiklum atriðum. Hefur óhindruð akstursleið eftir götunni hvergi nærri verið jafnbreið og uppdrátturinn gefur til kynna. Verður hann því ekki lagður til grundvallar um það, að bifreiðinni Y 4020 hafi verið ekið að öllu leyti á vinstri vegarhelmingi, þegar áreksturinn varð, svo sem haldið er fram. Engu að síður þykir mega ráða af málgögnum, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki haldið bifreið sinni svo vel til hægri sem kostur var og honum var skylt samkvæmt 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Átti hann með því nokkra sök á árekstrinum.

Stefndi ók bifreið sinni aftur á bak inn á bifreiðastæðið norðan Kjarrhólma, en síðan aftur út á götuna í því skyni að aka niður Kjarrhólma eins og bifreiðin Y 4020. Samkvæmt 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga bar honum að víkja fyrir umferð á götunni. Var enn brýnna en ella, að hann gætti þeirrar skyldu, þar sem honum hlaut að vera ljóst, að aðstæður til aksturs á götunni voru sérstaklega erfðar vegna hálfu og bratta. Þykir stefndi með framangreindu aksturslagi einnig hafa átt sök á árekstrinum.

Þegar öll atvik að árekstrinum eru virt, þykir hæfilegt að skipta sök þannig, að ökumaður Y 4020 teljist bera  $\frac{1}{3}$  hluta sakar, en stefndi sjálfur  $\frac{2}{3}$  hluta.

Andmæli eru ekki höfð uppi við mati héraðsdómara á tjóni stefnda eða um upphafstíma vaxta. Samkvæmt því verða áfrýjendur

dæmdir til að greiða honum in soldium 2.703.30 krónur ( $\frac{1}{3}$  hluta af 8.109.90 krónum) með vöxtum, svo sem í hinum áfrýjaða dómi greinir.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Þorgeir Gunnlaugsson og Hagtrygging h/f, greiði stefnda, Jóni Kristni Höskuldssyni, óskipt 2.703.30 krónur með þeim vöxtum, sem í héraðsdómi greinir.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### S é r a t k v æ ð i

##### Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meiri hluta dómara. Bifreiðin Y 4020 lét ekki að stjórn og var á röngum vegarhelmingi, er áreksturinn varð. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að hefði átt að staðfesta hann og dæma áfrýjendur til að gjalda stefnda 9.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

##### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. september sl., höfðaði Jón Kristinn Höskuldsson, Kjarrhólma 22, Kópavogi, gegn Hagtryggingu h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, og Þorgeiri Gunnlaugssyni, Kjarrhólma 38, Kópavogi, með stefnu, birtri 9. apríl 1981.

*Dómkröfur stefnanda* eru þær, að stefndu verði dæmdir in soldum til þess að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 9.852.90 með 46% ársvöxtum frá 19. desember 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags málsins, þ. e. 12. maí 1981, og frá þeim degi með hæstu leyfilegum innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum, tíma, til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

*Dómkröfur.stendur* eru þær aðallega, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og honum gert að greiða þeim málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, en til vara, að stefnufjárhæð verði lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en án árangurs.

*Málavextir.*

Málavextir eru þeir, að hinn 19. desember 1980 varð árekstur á götunni Kjarrhólma í Kópavogi á milli fólksbifreiðarinnar Y 1380, sem er leigubifreið af gerðinni Datsun, eign stefnanda, og fólksbifreiðarinnar Y 4020, sem er af gerðinni Toyota Corolla, eign stefnda Þorgeirs. Stefnandi ók bifreið sinni í umrætt skipti, en ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs var eiginkona hans, Ingibjörg Halla Þórisdóttir, til heimilis að Kjarrhólma 38 í Kópavogi. Bifreið stefnanda var tryggð ábyrgðartryggingu hjá Samvinnuþryggingum g/t, en bifreið stefnda Þorgeirs hjá stefnda Hagtryggingu h/f.

Bjart var af degi, þegar áreksturinn varð, en gatan þakin klaka og því mjög hál að sögn lögreglunnar í Kópavogi, sem tók skýrslu af ökumönnum á árekstursstaðnum. Ökumennirnir gáfu lögreglunni aftur skýrslu skömmu eftir áreksturinn. Enn fremur gáfu skýrslu þeir lögreglumenn, sem komið höfðu á vettvang.

Gatan Kjarrhólmi er blindgata, og hallar henni töluvert til austurs, og nær sá halli austur fyrir hús nr. 10.

Á móts við hús nr. 10 er bifreiðastæði, og kvaðst stefnandi hafa verið að aka út úr því stæði inn á götuna eftir að hafa nýverið bakkað inn í það, þegar bifreið stefnda Þorgeirs hafi verið ekið til austurs eftir götunni á vinstri helmingi hennar. Hann hefði séð bifreið stefnda Þorgeirs, þegar hún var efst í götunni, numið staðar og ætlað að bíða eftir því, að henni yrði ekið fram hjá, og gert ráð fyrir því, að ekið yrði á réttum vegarhelmingi, en þar hafi verið nægilegt rúm til þess að komast fram hjá bifreið sinni. Engin umferðartöf hafi orðið eftir áreksturinn, því að hægt hafi verið að aka viðstöðulaust fram hjá. Ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs hafi ekki getað stöðvað hana vegna mikillar hálfu og hafi þá áreksturinn orðið.

Ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs sagðist hafa veitt bifreið stefnanda athygli, þegar henni hafi verið bakkað inn á bifreiðastæðið, en þá hafi hún verið á móts við hús nr. 2 í götunni. Ökumaðurinn sagðist hafa gert ráð fyrir því, að stefnandi ætlaði að leggja bifreið sinni á stæðinu, en þegar hún hafi verið komin á móts við þann stað, þar sem bifreið stefnanda var, hafi henni verið ekið skyndilega út á götuna. Hún hafi hemlað, en ekki náð að stöðva bifreiðina vegna mikillar hálfu. Hún kvaðst hafa gefið hljóðmerki og hefði stefnandi þá stöðvað bifreið sína. Ökumaðurinn kvaðst ekkert svigrúm hafa haft til þess að beygja til hægri vegna kyrrstæðrar bifreiðar, sem þar hafi verið. Þegar snjór væri, mynduðust einföld hjólför í götunni, sem gerðu erfiðara að mætast. Venja íbúanna væri að bíða eftir þeim, sem niður götuna kæmi, og hleypa fram hjá, áður en þeir ækju upp götuna. Ökumaðurinn sagði, að eftir áreksturinn hefðu vegfarendur getað troðist fram hjá bifreiðunum með því að skáskjóta sér. Áðurnefnd kyrrstæð bifreið hefði verið aðeins austar en bifreiðarnar voru eftir áreksturinn.

Lögreglumennirnir sögðu, að erfitt hefði verið að aka fram hjá bifreiðunum, en þó hefðu þeir getað ekið þar lögreglubifreiðinni, sem er af Chervolet Nova gerð. Ekki minntust þeir þess, að hjólför hefðu verið í klakann á götunni, heldur hafi hann verið sléttur, en snjóruðningar beggja vegna.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt þannig:

1. Rétting á hurð og bretti .....	kr. 2.223.90
2. Málning á bretti, bronslituðu, skv. taxa .....	— 1.230.00
3. Málning á hurð, bronslitaðri, skv. taxa .....	— 1.170.00
4. Afnotamissir í 21 dag á kr. 249/00 .....	— 5.229.00
Samtals	kr. 9.852.90

### Málsástæður og lagarök.

#### Stefnandi.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs eigi alfarið sök á því, að áreksturinn varð. Hann hafi ekið á röngum helmingi götunnar og með því brotið 1. mgr. 45. gr. og 47. gr. laga nr. 40/1968. Ökumaðurinn hafi séð bifreið stefnanda með nægilega góðum fyrirvara til þess að geta sveigt yfir á réttan götuhelming og nægilegt rúm hafi verið til þess að komast fram hjá bifreiðinni.

Þá virðist ökumaðurinn ekki hafa haft stjórn á bifreiðinni og hraðinn of mikill miðað við aðstæður. Bifreiðin hafi ekki verið nægilega vel út búin til aksturs í hálku. Ökumaðurinn hafi þess vegna brotið 1., 2. og 3. mgr. 49. gr. laga nr. 40/1968.

Stefnandi hafi að vísu verið að aka út úr bifreiðastæði, en bifreiðin hafi verið úti á brún götunnar. Stefnandi hafi því átt að vera öruggur fyrir umferð, sem kom úr vesturátt, þ. á m. bifreið stefnda Þorgeirs. Stefnanda verði því ekki gefin sök á árekstrinum. Stefnu beri fulla bótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hafi orðið fyrir af þeim sökum, sem að framan eru raktar

Stefndi Hagtrygging h/f hafi ráðstafað bifreið stefnanda til viðgerðar og hafi stefnandi engu ráðið um hraða hennar. Stefnandi hafi misst afnot bifreiðarinnar í 21 dag og beri honum bætur fyrir það tjón.

#### Stefndu.

Af hálfu stefndu er á það bent, að aðstæður á árekstursstaðnum hafi verið erfiðar. Gatan sé hallandi og hafi verið þröng vegna snjóruðninga beggja vegna og töluverð hálka hafi verið. Bifreiðastæði séu beggja vegna götunnar. Telja verði, að stefnandi hafi fyrst ekið inn á götuna, þegar ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs hafi byrjað að hemla, sem hafi verið á móts við hús nr. 10 í götunni, en framan við það hafi áreksturinn orðið. Að öðrum kosti hefði ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs gert ráðstafanir

fyrir til þess að forða árekstri (sic). Þá megi benda á, að stefnandi segist hafa tekið eftir því, að bifreið stefnda Þorgeirs hafi verið ekið á röngum vegarhlemingi án þess að hætta við að aka inn á götuna. Þá verði og að taka tillit til þess, að sú venja hafi skapast hjá íbúum við götuna, að sá, sem ætli að aka upp götuna, bíði eftir umferð, sem komi niður hana. Stefnandi hafi með aksturslagi sínu brotið 46. gr. in fine, 2. mgr. 47. gr. og 5. mgr. 48. gr. laga nr. 40/1968 og verði að bera tjón sitt sjálfur.

Verði ekki á það fallist, beri að skipta sök, þannig að stefnandi beri meginhluta sakar á sömu forsendum og að framan eru raktar.

Stefndu mótmæli ekki fjárkröfum stefnanda tölulega að öðru leyti en því, að tími afnotamissis sé of langur, þar sem viðgerð á bifreið stefnanda hafi ekki verið svo viðamikil, að hún hafi getað staðið í 21 dag. Varla geti verið um að ræða lengri tíma en 7 — 10 daga.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Því er ómótmælt af hálfu stefndu, að ökumaður bifreiðar stefnda Þorgeirs hafi ekið á vinstri hellingi götunnar, þegar áreksturinn varð, í stað hægri, eins og honum bar skv. 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. og 1. mgr. 47. gr. sömu laga. Ekki er leitt í ljós, að hann hafi ekki getað komið því við aðstæðna vegna að aka á hægri hellingi götunnar. Samkvæmt vettvangsupprætti lögreglunnar í Kópavogi og skýrslum þeirra lögregluþjóna, sem á árekstursstaðinn komu, hefur einni bifreið átt að vera sæmilega greið leið fram hjá bifreið stefnanda, en ómótmælt er, að hún var kyrrstæð, þegar áreksturinn varð. Telja verður, að akstri ökumanns bifreiðar stefnda Þorgeirs hafi verið mjög ábótavant.

Stefnanda bar að sýna varkárni við akstur inn á götuna og víkja fyrir umferð skv. 5. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en líta verður svo á, að sú regla, sem í málsgreininni felst, gildi einungis um umferð eftir þeim hluta vegar, sem ekið er inn á. Ósannað er, að stefnandi hafi skyndilega ekið út á götuna og í veg fyrir bifreið stefnda Þorgeirs, en þeirri bifreið var ekið á röngum vegarhellingi, eins og fyrr segir. Aksturslag stefnda þykir því ekki hafa verið með þeim hætti, að efni séu til að skipta sök í málinu. Sök á árekstrinum verður því alfarið lögð á ökumann bifreiðar stefnda Þorgeirs og bótaábyrgð á tjóni stefnanda á stefndu.

Ekki er deilt um dómkröfur stefnanda að öðruleyti en því, að stefndu telja, að tími afnotamissis bifreiðar stefnanda sé of langur. Á það má fallast, að svo sé, og þykja bætur fyrir tjón vegna afnotamissis hæfilega ákveðnar kr. 3.286.00, en að öðru leyti verða kröfur stefnanda að fullu teknar til greina. Stefndu ber því að greiða stefnanda in solidum kr. 8.109.90 með 46% ársvöxtum frá 19. desember 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá

þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður, sem stefndu greiði stefnanda in solidum, þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.100.00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Hagtrygging h/f og Þorgeir Gunnlaugsson, greiði in solidum stefnanda, Jóni Kristni Höskuldssyni, kr. 8.109.90 með 46% ársvöxtum frá 19. desember 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.100.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1983.

Nr. 140/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Sigrúnu Jónu Eyjólfsdóttur**

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fikniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fikniefnamálum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærðu með stefnu 1. mars 1983. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. ágúst 1983. Af hálfu ákærvalds er gerð krafa um staðfestingu héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.